

EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

við Stjórnartíðindi
Evrópusambandsins

Nr. 86

31. árgangur

28.11.2024

	I EES-STOFNANIR	
	1. Sameiginlega EES-nefndin	
	II EFTA-STOFNANIR	
	1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2. Eftirlitsstofnun EFTA	
	3. EFTA-dómstóllinn	
2024/EES/86/01	Beiðni áfrýjunardómstóls Liechtenstein (Fürstliches Obergericht) dagsett 11. júlí 2024 um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins í máli Söderberg & Partners AS gegn Gable Insurance AG in Konkurs (Mál E-17/24)	1
2024/EES/86/02	Dómur dómstólsins frá 9. ágúst 2024 í máli E-10/23 – X gegn fjármálaeftirlitinu (Finanzmarktaufsicht)	2
2024/EES/86/03	Dómur dómstólsins frá 9. ágúst 2024 í máli E-11/23 – Låssenteret AS gegn Assa Abloy Opening Solutions Norway AS	3
2024/EES/86/04	Dómur dómstólsins frá 9. ágúst 2024 í máli E-12/23 – Norwegian Air Shuttle ASA gegn norska ríkinu, í fyrirsvári er ráðuneyti loftslags- og umhverfismála	4
2024/EES/86/05	Mál höfðað 16. október 2024 af Eftirlitsstofnun EFTA á hendur Íslandi (Mál E-26/24)	5
2024/EES/86/06	Mál höfðað 16. október 2024 af Eftirlitsstofnun EFTA á hendur Íslandi (Mál E-27/24)	6
2024/EES/86/07	Mál höfðað 16. október 2024 af Eftirlitsstofnun EFTA á hendur Íslandi (Mál E-28/24)	7
2024/EES/86/08	Mál höfðað 16. október 2024 af Eftirlitsstofnun EFTA á hendur Íslandi (Mál E-29/24)	8
	III ESB-STOFNANIR	
	1. Framkvæmdastjórnin	
2024/EES/86/09	Afturköllun tilkynningar um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (Mál M.11485 – BRASSERIE NATIONALE/BOISSONS HEINTZ)	9
2024/EES/86/10	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11643 – STRABAG/HFPS/SRK) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	10

2024/EES/86/11	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11653 – ADNOC/NAVIG8 LIMITED/NAVIG8 GROUP) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	11
2024/EES/86/12	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11669 – SHELL GROUP/PAVILION) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	12
2024/EES/86/13	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11679 – APOLLO/CLESSIDRA/HUMAN COMPANY/HU HOLDING JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	13
2024/EES/86/14	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11711 – JWL/ASIA PULP & PAPER GROUP) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	14
2024/EES/86/15	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11724 – SCHWENK/GOLDBECK/CONFINITY JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	15
2024/EES/86/16	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11766 – NVIDIA/RUN:AI)	16
2024/EES/86/17	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11386 – KKR/NETCO)	17
2024/EES/86/18	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11418 – ADQ/EGPC/ETHYDCO/EDC/ELAB)	17
2024/EES/86/19	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11666 – NEVEON/BRANTNER ÖSTERREICH/JV)	18
2024/EES/86/20	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11676 – CD&R/PERMIRA/EXCLUSIVE NETWORKS)	18
2024/EES/86/21	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11685 – PIAG/MMBET/RBH/ROSENBAUER)	19
2024/EES/86/22	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11707 – OMERS/DWS/GRANDI STAZIONI RETAIL)	19
2024/EES/86/23	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11721 – STX/MARINE OLIE)	20
2024/EES/86/24	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11732 – CARLYLE/VANTIVE)	20
2024/EES/86/25	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11738 – ICG/IMANES/PICARD)	21
2024/EES/86/26	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11739 – INVESTCORP/PSP/PKF OCONNOR DAVIES ADVISORY)	21
2024/EES/86/27	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11758 – VANDEN AVENNE/ALCOGROUP/IGPC)	22
2024/EES/86/28	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11759 – MML/APHEON/TMC)	22
2024/EES/86/29	Auglýst eftir tillögum 2025 – EAC/A08/2024 – Áætlunin Erasmus+	23

EFTA-STOFNANIR

EFTA-DÓMSTÓLLINN

Beiðni áfrýjunardómstóls Liechtenstein (Fürstliches Obergericht) dagsett
11. júlí 2024 um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins í máli Söderberg & Partners
AS gegn Gable Insurance AG in Konkurs
(Mál E-17/24)

2024/EES/86/01

EFTA-dómstólnum hefur borist bréf áfrýjunardómstóls Liechtenstein (Fürstliches Obergericht) dagsett 11. júlí 2024, sem skráð var í málaskrá dómstólsins 12. júlí 2024, með beiðni um ráðgefandi álit í máli Söderberg & Partners AS gegn Gable Insurance AG in Konkurs, að því er varðar eftirfarandi spurningu:

Á váttryggingarkrafa í skilningi g-liðar 1. mgr. 268. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II), Stjóð. ESB 2009 L 335, bls. 1, sem var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 78/2011 frá 1. júlí 2011, LGBI 2012/384, að njóta forgangs í samræmi við 1. mgr. 275. gr. tilskipunarinnar, jafnvel þó krafan hafi verið framseld þriðja aðila með löglegum viðskiptum og að samkvæmt landslögum hafi framsal kröfunnar ekki í för með sér neinar breytingar á inntaki kröfunnar?

DÓMUR DÓMSTÓLSINS**2024/EES/86/02****frá 9. ágúst 2024****í máli E-10/23****X gegn fjármálaeftirlitinu (Finanzmarktaufsicht)**

(Tilskipun 2013/36/ESB – 53. gr. – Þagnarskylda – Skilvirk réttarvernd – Samningur um Eftirlitsstofnun og dómstól – 34. gr. samningsins um Eftirlitsstofnun og dómstól – Lögsaga í málum um ráðgefandi álit)

Hinn 9. ágúst 2024 kvað dómstóllinn upp dóm í máli E-10/23, *X gegn fjármálaeftirlitinu (Finanzmarktaufsicht)* – Beiðni kærunefndar Fjármálaeftirlits Liechtenstein (*Beschwerdekommision der Finanzmarktaufsicht*) samkvæmt 34. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls um túlkun á 53. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærnieftirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum. Dóminn skipuðu dómarnir Páll Hreinsson, forseti, Bernd Hammermann og Michael Reiertsen (framsögumaður) og hljóða dómsorð sem hér segir:

1. EFTA-dómstóllinn hefur lögsögu til að gefa ráðgefandi álit varðandi túlkun samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls („SED“) samkvæmt 1. mgr. 34. gr. þess samnings.
2. Beiðni landsdómstóls eða landsréttar um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins er heimil skv. 34. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, enda þótt lagalegri spurningu, sem beiðni um ráðgefandi álit lýtur að, hafi þegar verið svarað í undanfarandi málsmeðferð af æðri dómstól með bindandi hætti í samræmi við réttarfarsreglur landsréttar.
3. Ákvæði 1. mgr. 53. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærnieftirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum ber að túlka sem svo að allar upplýsingar sem valdbær stjórnvöld hafa yfir að ráða sem (i) eru ekki opinberar og (ii) opinberun slíkra upplýsinga væri líkleg til að hafa neikvæð áhrif á hagsmuni einstaklinga eða lögpersóna sem gefið hafa upplýsingarnar eða þriðju aðila, eða eðlilega starfsemi eftirlits með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum, skal flokka sem trúnaðarupplýsingar sem falli undir þagnarskyldu 53. gr. tilskipunarinnar.
4. Í 53. gr. tilskipunar 2013/36/ESB eru tæmandi talin þau tilvik þar sem í undantekningartilvikum er heimilt að skýra frá eða nýta trúnaðarupplýsingar. Vernd trúnaðarupplýsinga samkvæmt þagnarskyldu í 1. mgr. 53. gr. tilskipunar 2013/36/ESB ber hins vegar að tryggja og innleiða í samræmi við almennar meginreglur EES réttar, m.a. meginregluna um skilvirka réttarvernd, réttláta málsmeðferð, og vernd gegn gerræðislegum og óréttmætum athöfnum stjórnvalda.

DÓMUR DÓMSTÓLSINS

2024/EES/86/03

frá 9. ágúst 2024

í máli E-11/23

Låssenteret AS gegn Assa Abloy Opening Solutions Norway AS

(Tilskipun (ESB) 2016/943 – Reglur um sönnunarfærslu og aðgangur að trúnaðarupplýsingum – Trúnaðarhringir – Viðskiptaleyndarmál – Einkaréttarmálarekstur vegna brota á samkeppnisreglum – Vega og meta hagsmuni – 5. gr. tilskipunar 2014/104/ESB)

Hinn 9. ágúst 2024 kvað dómstóllinn upp dóm í máli E-11/23, *Låssenteret AS gegn Assa Abloy Opening Solutions Norway AS* – BEIÐNI áfrýjunardómstóls Eidsivating (*Eidsivating lagmannsrett*) samkvæmt 34. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls um túlkun á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, einkum 54. gr. samningsins, og á 9. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/943 frá 8. júní 2016 um verndun trúnaðarupplýsinga um sérþekkingu og viðskiptaupplýsinga (viðskiptaleyndarmál) gegn ólögmati öflun, notkun og birtingu þeirra. Dóminn skipuðu dómarnir Páll Hreinsson, forseti, Bernd Hammermann (framsögumaður) og Michael Reiertsen og hljóða dómsorð sem hér segir:

1. Efnislegt gildissvið tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/943 frá 8. júní 2016 um verndun trúnaðarupplýsinga um sérþekkingu og viðskiptaupplýsinga (viðskiptaleyndarmál) gegn ólögmati öflun, notkun og birtingu þeirra, varðar eingöngu ólögmeta öflun, notkun eða birtingu viðskiptaleyndarmála og felur ekki í sér reglur varðandi vernd trúnaðarupplýsinga í öðrum tegundum dómsmála.
2. Tilskipun 2016/943 kemur ekki í veg fyrir að landsdómstóll geti takmarkað aðgang að trúnaðarupplýsingum með þeim hætti að einstaklingar frá hvorum mál aðila hafi ekki aðgang að sönnunargögnum sem teljast viðskiptaleyndarmál og lögð eru fram í málinu.
3. Í 2. mgr. 9. gr. tilskipunar 2016/943 felst ekki almenn meginregla EES-réttar þess efnis að landsdómstól sé ekki heimilt að stofna trúnaðarhring sem heimilar ekki að minnsta kosti einum einstaklingi frá hvorum mál aðila aðgang að sönnunargögnum sem fela í sér viðskiptaleyndarmál sem lögð eru fram sem sönnunargögn í málinu. Samkvæmt meginreglunni um réttarfarslegt sjálfsforræði, er það fyrir réttarkerfi hvers EES-ríkis að ákveða þær aðferðir og takmarkanir sem gilda um birtingu upplýsinga og aðgang að sönnunargögnum sem nauðsynleg eru til að tryggja réttarræði einkaaðila vegna brota á samkeppnisreglum EES-samningsins. Hins vegar, krefst meginreglan um skilvirkni þess að reglur um aðgang að sönnunargögnum feli í sér að landsdómstóllinn vegi og meti verndaða hagsmuni aðilanna í hverju máli fyrir sig.
4. Það hefur ekki þýðingu fyrir undanfarandi svör að trúnaðarupplýsingarnar, þ.m.t. viðskiptaleyndarmál, sem krafist er aðgangs að eru viðkvæm gögn sem varða samkeppni gagnvart þeim aðila sem sækist eftir aðgangi að upplýsingunum.
5. Í máli varðandi misnotkun á markaðsráðandi stöðu samkvæmt 54. gr. EES-samningsins, þarf landsdómstóllinn einnig að vega og meta hagsmuni aðilanna áður en aðila, sem haldið er fram að hafi misnotað markaðsráðandi stöðu sína, er gert að veita aðgang að sönnunargögnum sem teljast viðskiptaleyndarmál. Slíkt er nauðsynlegt til að tryggja skilvirkni EES-réttar.
6. Ef tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/104/ESB frá 26. nóvember 2014 um tilteknar reglur sem gilda um skaðabótamál samkvæmt landslögum vegna brota á ákvæðum samkeppnislaga aðildarríkjanna og Evrópusambandsins, hefur ekki verið tekin upp í EES-samninginn, er ekki fyrir hendi skylda samkvæmt EES-rétti til að túlka landsrétt í ljósi 5. gr. þeirrar tilskipunar.

DÓMUR DÓMSTÓLSINS**2024/EES/86/04****frá 9. ágúst 2024****í máli E-12/23****Norwegian Air Shuttle ASA gegn norska ríkinu, í fyrirsvári er ráðuneyti loftslags- og umhverfismála**

(Tilskipun 2003/87/EB – 2. mgr. a. 12. gr. – Skuldbinding til að skila inn losunarheimildum – Landslög um ógjaldfærni – Viðskiptakerfi með losunarheimildir – Gróðurhúsalofttegundir – Loftslagsbreytingar)

Hinn 9. ágúst 2024 kvað dómstóllinn upp dóm í máli E-12/23, *Norwegian Air Shuttle ASA gegn norska ríkinu*, í fyrirsvári er ráðuneyti loftslags- og umhverfismála (*Staten v/Klima og miljødepartementet*) – BEIÐNI héraðsdóms Oslóar (*Oslo tingrett*) samkvæmt 34. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls um túlkun á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Sambandsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB. Dóminn skipuðu dómarnir Páll Hreinsson, forseti (framsögumaður), Bernd Hammermann og Michael Reiertsen og hljóða dómsorð sem hér segir:

Túlka ber 2. mgr. a. 12. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Sambandsins sem svo að hún útiloki landslög sem kveða á um að skylduna til að afhenda losunarheimildir megi uppfylla með greiðslu í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu ógjaldfærs félags.

Mál höfðað 16. október 2024 af Eftirlitsstofnun EFTA á hendur Íslandi
(Mál E-26/24)

2024/EES/86/05

Hinn 16. október 2024 höfðaði Eftirlitsstofnun EFTA mál fyrir EFTA-dómstólnum á hendur Íslandi; í fyrirsvari eru Sigurbjörn Bernharð Edvardsson, Sigrún Ingibjörg Gísladóttir og Melpo-Menie Joséphidès, fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA, Avenue des Arts 19H, B-1000 Brussel, Belgíu.

Kröfur Eftirlitsstofnunar EFTA eru sem hér segir:

- Dómstóllinn lýsi yfir að Ísland hafi vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt 7. gr. EES-samningsins með því að láta hjá líða að innleiða gerðina sem um getur í lið 19bq í IX. viðauka við EES-samninginn (Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1118 frá 26. mars 2021 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreind er aðferðin sem skilastjórnvöld munu nota til að meta kröfuna sem um getur í 104. gr. a í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB og samanlagða kröfu um eiginfjáruka fyrir skilaaðila á samstæðustigi skilasamstæðu ef skilasamstæðan fellur ekki undir þær kröfur samkvæmt þeirri tilskipun), samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, í íslenskan rétt, og**
- Ísland greiði málskostnað.**

Lagagrundvöllur, málsvik og lagarök lögð fram til stuðnings:

- Eftirlitsstofnun EFTA fer með þessari stefnu fram á að dómstóllinn lýsi yfir að Ísland hafi látið hjá líða að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að innleiða gerðina sem um getur í lið 19bq í IX. viðauka við EES-samninginn, samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við samninginn, í íslenskan rétt, eins og kveðið er á um í 7. gr. EES.
- Ísland svaraði ekki formlegu áminningarbréfi Eftirlitsstofnunarinnar frá 11. janúar 2024.
- Eftirlitsstofnunin sendi rökstutt álit hinn 10. júlí 2024 þar sem Ísland fékk tveggja mánaða frest til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að rökstudda álitinu, eigi síðar en 10. september 2024.
- Eftirlitsstofnuninni barst ekkert svar frá Íslandi innan þess tímaramma sem tilgreindur var í rökstudda álitinu.
- Þar sem Ísland hafði ekki farið að rökstudda álitinu innan þess frests sem þar var tilgreindur, ákvað Eftirlitsstofnunin að vísa málinu til dómstólsins, skv. 31. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól.
- Eftirlitsstofnunin bendir á að þegar þessi stefna var lögð fram, hafði Ísland ekki tilkynnt stofnuninni um neinar ráðstafanir sem gripið hafði verið til í því skyni að innleiða gerðina í íslenskan rétt. Þar að auki hafi Eftirlitsstofnunin ekki búið yfir neinum öðrum upplýsingum sem gáfu til kynna að gerðin hefði verið innleidd í íslenskan rétt.

Mál höfðað 16. október 2024 af Eftirlitsstofnun EFTA á hendur Íslandi
(Mál E-27/24)

2024/EES/86/06

Hinn 16. október 2024 höfðaði Eftirlitsstofnun EFTA mál fyrir EFTA-dómstólnum á hendur Íslandi; í fyrirsvari eru Sigurbjörn Bernharð Edvardsson, Sigrún Ingibjörg Gísladóttir og Melpo-Menie Joséphidès, fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA, Avenue des Arts 19H, B-1000 Brussel, Belgíu.

Kröfur Eftirlitsstofnunar EFTA eru sem hér segir:

- Dómstóllinn lýsi yfir að Ísland hafi vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt 7. gr. EES-samningsins með því að láta hjá líða að innleiða gerðina sem um getur í lið 29as í IX. viðauka við EES-samninginn (Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1406 frá 2. október 2020 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar verklag og eyðublöð til upplýsingaskipta og samvinnu milli lögbærra yfirvalda, Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, framkvæmdastjórnarinnar og annarra aðila skv. 2. mgr. 24. gr. og 25. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 um markaðssvik), samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, í íslenskan rétt, og**
- Ísland greiði málskostnað.**

Lagagrundvöllur, málsvik og lagarök lögð fram til stuðnings:

- Eftirlitsstofnun EFTA fer með þessari stefnu fram á að dómstóllinn lýsi yfir að Ísland hafi látið hjá líða að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að innleiða gerðina sem um getur í lið 29as í IX. viðauka við EES-samninginn, samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við samninginn, í íslenskan rétt, eins og kveðið er á um í 7. gr. EES.
- Ísland svaraði ekki formlegu áminningarbréfi Eftirlitsstofnunarinnar frá 21. nóvember 2023.
- Eftirlitsstofnunin sendi rökstutt álit hinn 10. júlí 2024 þar sem Ísland fékk tveggja mánaða frest til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að rökstudda álitinu, þ.e. eigi síðar en 10. september 2024.
- Eftirlitsstofnuninni barst ekkert svar frá Íslandi innan þess tímaramma sem tilgreindur var í rökstudda álitinu.
- Þar sem Ísland hafði ekki farið að rökstudda álitinu innan þess frests sem þar var tilgreindur, ákvað Eftirlitsstofnunin að vísa málinu til dómstólsins, skv. 31. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól.
- Eftirlitsstofnunin bendir á að þegar þessi stefna var lögð fram, hafði Ísland ekki tilkynnt stofnuninni um neinar ráðstafanir sem gripið hafði verið til í því skyni að innleiða gerðina í íslenskan rétt. Þar að auki hafi Eftirlitsstofnunin ekki búið yfir neinum öðrum upplýsingum sem gáfu til kynna að gerðin hefði verið innleidd í íslenskan rétt.

Mál höfðað 16. október 2024 af Eftirlitsstofnun EFTA á hendur Íslandi**2024/EES/86/07****(Mál E-28/24)**

Hinn 16. október 2024 höfðaði Eftirlitsstofnun EFTA mál fyrir EFTA-dómstólnum á hendur Íslandi; í fyrirsvari eru Sigurbjörn Bernharð Edvardsson, Sigrún Ingibjörg Gísladóttir og Melpo-Menie Joséphidès, fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA, Avenue des Arts 19H, B-1000 Brussel, Belgíu.

Kröfur Eftirlitsstofnunar EFTA eru sem hér segir:

- Dómstóllinn lýsi yfir að Ísland hafi vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt gerðinni sem um getur í liðum 1 og 31d í IX. viðauka við EES-samninginn (Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2341 frá 14. desember 2016 um starfsemi og eftirlit með stofnunum sem sjá um starfstengdan lífeyri (endurútgöfin)), samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, og samkvæmt 7. gr. EES-samningsins, með því að láta hjá líða að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að innleiða gerðina í íslenskan rétt, innan tilskilins tíma, eða í öllu falli, með því að láta hjá líða að tilkynna Eftirlitsstofnuninni um það, og**
- Ísland greiði málskostnað.**

Lagagrundvöllur, málsvik og lagarök lögð fram til stuðnings:

- Eftirlitsstofnun EFTA fer með þessari stefnu fram á að dómstóllinn lýsi yfir að Ísland hafi vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt gerðinni sem um getur í liðum 1 og 31d í IX. viðauka við EES-samninginn (Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2341 frá 14. desember 2016 um starfsemi og eftirlit með stofnunum sem sjá um starfstengdan lífeyri (endurútgöfin)), samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, og samkvæmt 7. gr. EES-samningsins, með því að láta hjá líða að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að innleiða gerðina í íslenskan rétt innan tilskilins tíma, eða í öllu falli, með því að láta hjá líða að tilkynna Eftirlitsstofnuninni um það.
- Hinn 21. nóvember 2023 sendi Eftirlitsstofnun EFTA Íslandi formlegt áminningarbréf þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að Ísland hafi vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt 7. gr. EES-samningsins með því að láta hjá líða að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að taka gerðina inn í íslenskan rétt og/eða með því að með því að tilkynna Eftirlitsstofnuninni ekki um það.
- Ísland svaraði með bréfi 27. nóvember 2023 og tilkynnti Eftirlitsstofnuninni að verið væri að undirbúa lagafrumvarp til að ljúka innleiðingu gerðarinnar. Enn fremur var bent á að ríkisstjórnin hygðist leggja frumvarpið fyrir Alþingi vorið 2024.
- Þar sem engar frekari upplýsingar um stöðu fyrirhugaðra lagafrumvarpa höfðu borist, sendi Eftirlitsstofnunin rökstutt álit hinn 17. apríl 2024 þar sem Ísland fékk tveggja mánaða frest til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að rökstudda álitinu, þ.e. eigi síðar en 17. júní 2024.
- Í svari Íslands frá 13. júní 2024 benti ríkisstjórnin á að undirbúningur stæði enn yfir og lýsti því yfir að hún hygðist fljótlega leggja frumvarpið fyrir Alþingi.
- Þar sem Ísland hafði ekki farið að rökstudda álitinu innan þess frests sem þar var tilgreindur, ákvað Eftirlitsstofnunin að vísa málinu til dómstólsins, skv. 31. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól.
- Eftirlitsstofnunin bendir á að þegar þessi stefna var lögð fram, hafði Ísland ekki tilkynnt stofnuninni um neinar ráðstafanir sem gripið hafði verið til í því skyni að innleiða gerðina í íslenskan rétt. Þar að auki hafi Eftirlitsstofnunin ekki búið yfir neinum öðrum upplýsingum sem gáfu til kynna að gerðin hefði verið innleidd í íslenskan rétt.

Mál höfðað 16. október 2024 af Eftirlitsstofnun EFTA á hendur Íslandi
(Mál E-29/24)

2024/EES/86/08

Hinn 16. október 2024 höfðaði Eftirlitsstofnun EFTA mál fyrir EFTA-dómstólnum á hendur Íslandi; í fyrirsvari eru Sigurbjörn Bernharð Edvardsson, Sigrún Ingibjörg Gísladóttir og Melpo-Menie Joséphidès, fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA, Avenue des Arts 19H, B-1000 Brussel, Belgíu.

Kröfur Eftirlitsstofnunar EFTA eru sem hér segir:

- Dómstóllinn lýsi yfir að Ísland hafi vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt 7. gr. EES-samningsins með því að láta hjá líða að innleiða gerðina sem um getur í 6. lið í XVII. viðauka við EES-samninginn (Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/933 frá 20. maí 2019 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 469/2009 um vottorð um viðbótarvernd fyrir lyf), samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, í íslenskan rétt, og**
- Ísland greiði málskostnað.**

Lagagrundvöllur, málsvik og lagarök lögð fram til stuðnings:

- Eftirlitsstofnun EFTA fer með þessari stefnu fram á að dómstóllinn lýsi yfir að Ísland hafi látið hjá líða að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að innleiða gerðina sem um getur í 6. lið í XVII. viðauka við EES-samninginn, samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við samninginn, í íslenskan rétt, eins og kveðið er á um í 7. gr. EES.
- Ísland svaraði ekki formlegu áminningarbréfi Eftirlitsstofnunarinnar frá 22. september 2023.
- Eftirlitsstofnunin sendi rökstutt álit hinn 6. mars 2024 þar sem Ísland fékk tveggja mánaða frest til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að rökstudda álitinu, þ.e. eigi síðar en 6. maí 2024.
- Eftirlitsstofnuninni barst ekkert svar frá Íslandi innan þess tímaramma sem tilgreindur var í rökstudda álitinu.
- Þar sem Ísland hafði ekki farið að rökstudda álitinu innan þess frests sem þar var tilgreindur, ákvað Eftirlitsstofnunin að vísa málinu til dómstólsins, skv. 31. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól.
- Eftirlitsstofnunin bendir á að þegar þessi stefna var lögð fram, hafði Ísland ekki tilkynnt stofnuninni um neinar ráðstafanir sem gripið hafði verið til í því skyni að innleiða gerðina í íslenskan rétt. Þar að auki hafi Eftirlitsstofnunin ekki búið yfir neinum öðrum upplýsingum sem gáfu til kynna að gerðin hefði verið innleidd í íslenskan rétt.

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Afturköllun tilkynningar um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja

2024/EES/86/09

(mál M.11485 – BRASSERIE NATIONALE/BOISSONS HEINTZ)

Framkvæmdastjórninni barst 18.10.2024 tilkynning um fyrirhugaðan samruna ⁽¹⁾ í samræmi við 4. gr. og í kjölfar vísunar máls skv. 3. mgr. 22. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ („samruna-reglugerðarinnar“).

Hinn 18. nóvember 2024 skýrði tilkynnandi framkvæmdastjórninni frá því að tilkynningin væri afturkölluð.

⁽¹⁾ Stjótd. ESB C, C/2024/6464, 25.10.2024

⁽²⁾ Stjótd. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja

2024/EES/86/10

(mál M.11643 – STRABAG/HFPS/SRK)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 20. nóvember 2022 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- STRABAG SE („STRABAG“) (Austurríki)
- Haselsteiner Familien-Privatstiftung („HFPS“) (Austurríki)
- SRK Kliniken Beteiligungs GmbH („SRK“) (Austurríki)

STRABAG og HFPS öðlast sameiginleg yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samruna-reglugerðarinnar, yfir SRK.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- STRABAG er byggingafyrirtæki með aðsetur í Austurríki sem sérhæfir sig í byggingarverkfræði, mannvirkjagerð og vegagerð, sem og þjónustu (t.d. verkefnaþróun) og framleiðslu og dreifingu byggingarefna.
- HFPS er austurrísk einkarekin stofnun samkvæmt lögum um einkastofnanir; stofnunin hefur umsjón með ýmsum eignarhlutum fyrir hönd Haselsteiner-fjölskyldunnar.

3. Starfsemi fyrirtækisins SRK er sem hér segir: SRK veitir heilbrigðisstofnunum utanaðkomandi ráðgjafarþjónustu og viðskiptastjórnun eða innri stjórnun.

4. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samruna-reglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

5. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 28.11.2024. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11643 – STRABAG/HFPS/SRK

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja

2024/EES/86/11

(mál M.11653 – ADNOC/NAVIG8 LIMITED/NAVIG8 GROUP)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 15. nóvember 2024 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Abu Dhabi Marine Business and Services Company P.J.S.C. („ADNOC“, Sameinuðu arabísku furstadæmunum)
- Navig8 Limited („seljandi“, Bermúda)
- Navig8 Topco Holdings Inc. („Navig8“, Marshall-eyjum), sem er sem stendur alfarið í eigu seljanda og inniheldur dótturfélagið Integr8 Fuels Holding Inc. („Integr8“, Marshall-eyjum)

ADNOC öðlast yfirráð sér í lagi, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Navig8 í heild, að frátöldu dótturfélagi þess Integr8. Að auki ná ADNOC og seljandinn sameiginlegum yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Integr8.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- ADNOC er hluti af ADNOC samstæðunni, sem er orku- og jarðolíusamstæða sem starfar við alla virðiskeðju kolvatnsefna í gegnum net fyllilega samþættra fyrirtækja. ADNOC er alfarið í eigu stjórnvalda í furstadæminu Abu Dhabi. Það starfar einkum við leit, vinnslu, geymslu, hreinsun og dreifingu á olíu og gasi, auk þróunar á vörum unnum úr jarðolíu eða -gasi.
- Seljandinn er núverandi eigandi Navig8 (sem felur í sér Integr8).
- Navig8 er fullkomlega samþættur veitandi vöruferlisstjórnunarþjónustu, sem starfar sem eigandi, rekstraraðili og virkur leiguaðili og miðlari fljótandi farmskipa og samnýtingu skipa sem ná yfir hreina og óhreina tankskipa- og efnageirann. Integr8, dótturfyrirtæki Navig8, fæst við viðskipti með skipaeldsneyti (eldsneyti fyrir fljótandi för).

3. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 26.11.2024. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11653 – ADNOC/NAVIG8 LIMITED/NAVIG8 GROUP

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.11669 – SHELL GROUP/PAVILION)

2024/EES/86/12

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 18. nóvember 2024 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

